

Gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 19.200
Árgjald fyrir hundaleyfi	kr. 18.000

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

2. gr.

Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn kr. 15.000
Í annað sinn kr. 20.000
Í þriðja sinn kr. 25.000

Auk þess skal leyfishafi/umráðamaður hunds greiða geymslugjald vegna geymslu handsamaðs hunds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2018 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi. Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá nr. 1354/2011.

Hveragerði 13. desember 2018


Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.

